

Til sveitarfélaga á Suðurlandi

Hvolsvelli, 1. apríl 2025

Efni: Myndavélaeftirlit

Á fundi framkvæmdateymis Öruggara Suðurlands þann 29. ágúst 2024 var samþykkt tillaga þess efnis að settur yrði á stofn sérstakur vinnuhópur til að fjalla um hópamyndun ungmenna í Árborg og nærliggjandi samfélögum. Þó að vinnuhópurinn hafi tekið Árborgarsvæðið til skoðunar þá eru niðurstöður skýrslunnar heimfærðar á öll sveitarfélög við úrvinnslu hennar. Skýrsla vinnuhópsins var gefin út í október sama ár og fjallaði um greiningu á vandanum og tillögur að úrbótum.

Meðal tillagna vinnuhópsins var að mikilvægt væri að koma upp eftirlitsmyndavélakerfi og markmiðið væri fyrst og fremst fælingarmáttur gegn óæskilegri hegðun.

Með vísan til framangreinds er þess óskað að sveitarfélög á Suðurlandi, sendi framkvæmdateymi Öruggara Suðurlandi upplýsingar um staðsetningu og virkni þeirra öryggismyndavéla sem nú þegar eru á þeirra vegum, ef einhverjar eru.

Jafnframt er þess óskað að fram fari greining eða mat á því hvort þörf sé fyrir frekara myndavélaeftirlit í sveitarfélaginu og að gerð verði grein fyrir því mati.

Vakin er athygli á því að svör geta verið nýtt í frekari greiningarvinnu lögreglu fyrir þörf á myndavélaeftirliti í löggæslutilgangi.

Óskað er eftir að svör liggi fyrir eigi síðar 2. maí 2025.

f.h. Öruggara Suðurlands

Arndís Soffía Sigurðardóttir verkefnastjóri